

17. Þing Skautasambands Íslands (ÍSS)



Fundarstaður: ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Fundarsalur E.
Laugardaginn 3.maí 2014 kl. 13:00.

Fulltrúi Framkvæmdastjórnar ÍSÍ var Ingi Þór Ágústsson og þingforseti var Sigríður Jónsdóttir.

1. Þingsetning:

Björgvin I. Ormarsson formaður ÍSS settur fundinn.

2. Þriggja manna kjörnefnd kosin:

Þau: Stefán Hjaltalín, Linda Kristinsdóttir, Halldóra Ósk Arnórsdóttir.

3. Þingforseti kosinn:

Lagt var til að Sigríður Jónsdóttir yrði fundarstjóri – samþykkt.
Kjörnefnd tók til starfa.

4. Kosning þingritara:

Lagt var til að Bjarnveig Guðjónsdóttir yrði ritari – samþykkt.

5. Ólafs Rafnssonar minnst með einnar mínútu þögn.

6. Skýrsla formanns lesin:

Formaður ÍSS, Björgvin I. Ormarsson, las starfsskýrslu.

7. Endurskoðun og samþykkt reikninga:

Ársreikningar (2012 og 2013) voru lagðir fram. Svanhvít Jakobsdóttir, fráfarandi gjaldkeri ÍSS, ávarpaði þingið og gerði grein fyrir reikningum. Reikningar voru yfirfarnir af Auði Harðardóttur og Gísla Kára Björnssyni.

Áætlun fyrir árið 2014 var sömuleiðis kynnt af Svanhvíti.

Sigríður þingforseti lagði til að fjárhagsáætlun færi til fjárhagsnefndar - samþykkt.

Sigurður frá SR bendir á skekkju í texta á forsiðu árskýrslu.

Halldóra formaður SA spyr hver kostnaður v/RIG sé umfram hefðbundin sambandsmót.

Svanhvít svarar því til að kostnaður liggur ekki fyrir þar sem ekki er búið að færa bókhald ársins 2014. Framkvæmdastjóri mun senda sundurliðun á félögin.

Ingi Þór gerir athugasemd við ársreikninga, aðeins munar uppá að þeir stemmi milli ára.

Svanhvít og framkvæmdastjóri munu yfirfara og lagfæra.

Ársreikningar 2012 og 2013 samþykktir.

8. Ávarp gesta:

Ingi Þór frá ÍSÍ tekur til máls. Hann ræddi meðal annars um hversu sýnileg skautaiþróttin hefði verið í fjölmiðlum.

9. Tilnefnt var í eftirtaldar nefndir:

Laganefnd: Björgvin I. Ormarsson, Margrét Jamchi, Rut Hermannsdóttir.

Allsherjarnefnd: Bjarnveig Guðjónsdóttir, Erlendína Kristjánsson, Halldóra Ósk Arnórsdóttir.

Kjörnefnd (starfar í þinghléi): Stefán Hjaltalín, K. Linda Kristinsdóttir, Halldóra Ósk Arnórsdóttir.

Fjárhagsnefnd: Svanhvít Jakobsdóttir, Krístrún Elva Jónsdóttir, Sigurður G. Kristinsson.

10. Tillögur að lagabreytingum kynntar:

Björgvin I. Ormarsson kynnir tillögur stjórnar að lagabreytingum.

Þóra Gunnarsdóttir kynnir sínar breytingatillögur.

Sigríður Þingforseti leggur lagabreytingatillögur fyrir laganefnd.

11. Önnur mál:

Formaður SA, Halldóra Ósk Arnórsdóttir, bar upp tvö mál:

1. Tillögu um að setja í lög að reglugerðir verði teknar til umræðu á þingi.
2. Gerði athugasemd við 9.grein. Þar er tekið fram að mótum skal skipt jafnt á milli félaga, þá með vísan í að RIG er alltaf hjá SR.
3. Gerði athugasemd við dómaragjöldin sem klúbbarinn greiða, upphæð er óháð fjölda keppenda.

Þinghlé og nefndir taka til starfa.

12. Niðurstöður nefnda:

Niðurstöður fjárhagsnefndar kynntar: Svanhvít kynnti. Fjárhagsáætlun samþykkt einróma.

Niðurstæða allsherjarnefndar: Breytingum sem komu á tillögum á reglugerð 9 og dómaragjalda vísað til nýrrar stjórnar. Samþykkt einróma.

13. Tillögur v/lagabreytinga:

Breytingatillögur frá stjórn ÍSS. Björgvin I. Ormarsson kynnir:

- Breytingar á 6.grein frá stjórn ÍSS. Samþykkt einróma.
- Breytingar á 7.grein frá stjórn ÍSS. Ssamþykkt einróma.
- Breytingar á 14.grein frá stjórn ÍSS. Samþykkt einróma.

Lögin í heild borin upp. Samþykkt einróma.

Breytingatillögur Þóru Gunnarsdóttir:

- Ný lagagrein, grein 1, grein 2, grein 3: 9 samþykkja, 6 á móti. Tillaga felld.
- Ný lagagrein, 10.grein: 3 samþykkja, 2 á móti. Tillaga felld.

Tillaga um millipinganefnd. Skautaþing haldið 03.mái 2014 samþykkti að skipa millipinganefnd, einn frá hverju félagi, til að endurskoða lög sambandsins með tilliti til tillagna frá Birninum sem lágu fyrir skautaþingi. Samþykkt einróma.

14. Kosning til formanns:

Þrír (3) eru í framboði til formanns: Margrét Jamchi Ólafsdóttir, Sigríður Matthildur Guðjohnsen, Þóra Gunnarsdóttir.

Þóra 1111 – 4 atkv.

Sigríður 111 – 3 atkv.

Margrét 1111111 – 7 atkv.

Auður seðill - 1 atkv.

Margrét Ólafsdóttir kjörin formaður.

15. Kosning til stjórnar:

Framboð : Bjarnveig Guðjónsdóttir, Elín Gautadóttir, Elísabet Kristjánsdóttir, Jónína Guðrún Þorvaldsdóttir, Þóra Gunnarsdóttir.

Meirihluta atkvæða fengu: Elín, Elísabet, Jónína, Þóra.

16. Kosning varamanna:

Framboð: Aðalheiður Gísladóttir, Bjarnveig Guðjónsdóttir og Guðrún Halldóra Gunnarsdóttir.

Meirihluta atkvæða fengu: Aðalheiður, Guðrún.

17 . Skoðunarmenn reikninga kosnir:

Gísli Björnson og Sigurður G. Kristinsson.

18. Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ:

Fulltrúar á íþróttaping ÍSÍ: Elín Gautadóttir kosin fulltrúi, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingslit:

Þingforseti þakkar fyrir fundinn og slítur þingi.

Bjarnveig S. Guðjónsdóttir
Þingritari